

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 10. maí 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Auk þess mætti á fundinn undir 1. dagskrárlið Davíð Búi Halldórsson, endurskoðandi.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur 2005

Fyrir fundinum lágu drög að ársreikningi sveitarsjóðs og B-hluta stofnana til fyrri umræðu. Davíð Búi Halldórsson skýrði og fór yfir helstu niðurstöðutölur ársreikningsins.

Hreppsnefnd ræddi fyrirbyggjandi drög að ársreikningi en samþykkti hann með nokkrum minni háttar athugasemdum og vísaði honum síðan til annarrar umræðu.

2. Atvinnumál

Sveitarstjóri greindi frá hugmyndum um stofnun iðnfyrirtækis og helstu forsendum sem voru ræddar á óformlegum fundi sem hann og varaoddviti áttu með hagsmunaaðilum um möguleika á rekstri slíkra fyrirtækja. Samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna áfram að málinu með hagsmunaaðilum.

3. Bréf:

a) Ferðamálafélags A-Hún, 14. mars 2006.

Fyrir fundinum lá erindi Ferðamálafélagsins þar sem nýr ferðabæklingur fyrir Húnavatnssýslur er kynntur og óskað eftir 60.000 kr. styrk við útgáfuna.

Erindið var samþykkt.

b) Hestamannafélagsins Snarfara til Landbúnaðarráðuneytisins, 19. apríl 2006.

Bréfið sem ritað er til úthlutunarnefndar til byggingar reiðhúsa er umsókn um styrk til byggingar reiðskemmu á Skagaströnd. Í bréfinu er vitnað til þess að Höfðahreppur muni styrkja bygginguna um 5 milljónir króna. Með því var vísað til óformlegs fundar sem forsvarsmenn hestamannafélagsins áttu með hreppsnefndarmönnum. Hreppsnefnd ræddi erindið og samþykkti fyrrgreinda málsmeðferð.

c) Rekstraraðila Kántrýbæjar 9. maí 2006.

Fyrir fundinum lá erindi sem rekstraraðila Kántrýbæjar ritar þar sem óskað er eftir 300 þús. króna styrk til að kynna Kántrýbæ og Skagaströnd fyrir ferðamönnum.

Erindið var samþykkt.

4. Fundargerðir:

a) Skólanefndar, 25.04.2006

Fundargerðin var samþykkt.

b) Stjórnar SSNV, 14.03. 2006.
Fundargerðin var til kynningar.

c) Nefndar um bæjarhátíð, 3.05.2006
Fundargerðin var til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11⁰⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)